

Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði 51. fundur.

Árið 2015, miðvikudaginn 12. ágúst kl. 12:00 kom nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði saman í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Mættir aðalmenn voru Sigurður Pétursson, formaður, Magnús Reynir Guðmundsson og Kristín Hálfhánsdóttir.

Jafnframt eru mættir: Ágúst Gíslason, byggingarstjóri og Jóhann Birkir Helgason sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Staða framkvæmda. 2011-12-0009.

Ágúst Gíslason, byggingarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda á Eyri. Lóðaframkvæmdum verður lokið um næstu mánaðarmót, hugsanlegt er niðurstetningu trjáa ljúki um miðjan september.

Frágangur innanhúss er á lokametrunum, gert er ráð fyrir að verktakar verði búnir að fullu, 21. ágúst 2015.

Einnig lagður fram tölvupóstur frá Herði Högnasyni, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða dags. 11. ágúst þar sem minnst er á nokkur frágangsattriði sem óskað er eftir að tekið verði tillit til.

Lagt fram til kynningar.

2. Formleg afhending og opið hús

Ekki getur orðið af formlegri afhendingu hússins 23. ágúst. Stefnt skal að afhendingu, sunnudaginn 30. ágúst nk. kl. 14:00.

Bæjarstjóra falið framkvæmd málsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:20.

Sigurður Pétursson, formaður.

Magnús Reynir Guðmundsson

Kristín Hálfhánsdóttir.

Ágúst Gíslason
byggingarstjóri

Jóhann Birkir Helgason